



Bæjarstjórn Blönduóssbæjar

FUNDUR - 25. apríl 2006

Bæjarstjórn Blönduóssbæjar kom saman til 90. fundar þriðjudaginn 25. apríl 2006 kl. 17:00 á bæjarskrifstofu. Forseti bæjarstjórnar, Valgarður Hilmarsson setti fundinn og stjórnaði honum. Fundinn sátu undirrituð.

Dagskrá:

1. Ársreikningur 2005 – aðalsjóður og stofnanir – fyrri umræða.
2. Fundargerð bæjarráðs frá 5. apríl.
3. Fundargerð bæjarráðs frá 12. apríl.
4. Fundargerð fræðslu,- íþrótta- og tómstundanefndar frá 4. apríl.
5. Fundargerð húsnæðisnefndar frá 6. apríl.

Afgreiðslur:

Forseti óskaði eftir því að upp sé tekinn liðurinn önnur mál. Fundurinn samþykkti það samhljóða.

Önnur mál.

- a. Gerð er tillaga að Guðnýju Sigurðardóttir sem skoðunarmann Blönduóssbæjar. Samþykkt samhljóða.

Til fundarins mættu Þorsteinn Þorsteinsson löggiltur endurskoðandi og Ólöf Pálmadóttir sviðsstjóri.

1. Ársreikningur 2005 – aðalsjóður og stofnanir – fyrri umræða. Þorsteinn endurskoðandi fór yfir reikningana og skýrði ýmsa liði. Umræður urðu um, reikningana og fyrirspurnir sem Þorsteinn svaraði. Að umræðum loknum bar forseti upp tillögu um að reikningunum sé vísað til annarrar og síðari umræðu er fram fari á næsta bæjarstjórnarfundi. Tillagan samþykkt með 6 atkv. 1 er fjarverandi.
2. Fundargerð 158. fundar bæjarráðs í 7 liðum frá 5. apríl kynnt og tekin til afgreiðslu. Að umræðum loknum bar forseti fundargerðina upp, hún var samþykkt með 6 atkv. 1 er fjarverandi.
3. Fundargerð 159. fundar bæjarráðs frá 12. apríl kynnt og tekin til afgreiðslu. Fram voru lögð drög að reglum um sölu á íbúðum í eigu Blönduóssbæjar, svohljóðandi,
 1. Bæjarráð fer með málefni um sölu íbúða og ákveður viðmiðunarverð.
 2. Íbúðir skulu auglýstar til sölu og tilboða leitað. Í auglýsingu skal koma fram ákvæði um að taka hagstæðasta tilboði eða hafna öllum.
 3. Ef leigjendur einstakra íbúða óska eftir að kaupa íbúðir sem þeir eru leigjendur að, skal nota sömu vinnureglur og að framan greinir.

Sigurður Jóhannesson vil að bókað sé að hann tekur ekki þátt í afgreiðslu á 1. lið fundargerðarinnar. Þórdís Hjálmarsdóttir óskar eftir því að bókað sé að hún situr hjá við afgreiðslu 1. liðar. Fundargerðin borin upp, hún var samþykkt að 6 atkv. samhljóða með fyrrnefndum fyrirvörum. 1 var fjarverandi.

4. Fundargerð fræðslu,- íþrótta- og tómstundanefndar í 4 liðum frá 4. apríl kynnt og tekin til afgreiðslu. Fundargerðin borin upp og samþykkt með 6 atkv. samhljóða, 1 er fjarverandi.

5. Fundargerð húsnæðisnefndar í 2 liðum frá 6. apríl kynnt og tekin til afgreiðslu.
Fundargerðin borin upp og samþykkt með 6 atkv. samhljóða, 1 er fjarverandi.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:10

Valgarður Hilmarsson
Valdimar Guðmannsson
Ágúst Þór Bragason
Þórdís Hjálmarsdóttir
Jóhanna G. Jónasdóttir
Sigurður Jóhannesson
Jóna Fanney Friðriksdóttir

Ragnar Ingi Tómasson